

## 1046. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. ágúst 2010 kl. 18:15, Kringlunni 7, 0. hæð.

Mættir: Óskar Kristjánsson (ÓK), Jóhanna Rúnarsdóttir (JR), Hildur Mósesdóttir (HM), Sigurður Sigfússon (SS), Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Sigríður Sigurðardóttir (SSig), Guðrún Helga Tómasdóttir (GHT), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (IÓB), Ragnar Þór Ingólfsson (RÞI), Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir (JGÓ), Bjarki Steingrímsson (BS), Jón Magnússon (JM), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Bjarni Þór Sigurðsson (BÞS). Fundinn sat einnig Helga Árnadóttir (HÁ), sviðsstjóri rekstrar- og fjármálasviðs VR, og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

### 1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

### 2. Uppgjör fyrstu sex mánaða.

Kynnt 6 mánaða uppgjör félagsins. Helstu niðurstöður eru þær að félagið skilar 120 millj. rekstarafgangi fyrstu 6 mánuði ársins. Hann eykst um 155 millj. milli ára og er 160 millj. yfir áætlun. Helstu skýringar þessarar jákvæðu þróunar eru fyrst og fremst tilkomnir þar sem iðgjaldtekjur hafa haldið milli ára og eins að ásókn í sjóði félagsins hefur minnkað.

### 3. Efnahags- kjarar og atvinnumál

Formaður sagði frá kynningu Elíasar Magnússonar, sviðsstjóra kjarasviðs VR vegna komandi kjarasamningsgerðar. Áætlað er að halda kjarabing VR 11. sept. nk.

### 4. Önnur mál.

- a. Umræður um aðkomu VR að samningunum í haust. Formaður biður um umboð til samvinna með ASI að samningagerðinni í sameiginlegum málum. Samþykkt með meirihluta atkvæða.
- b. Lagabreytingar – boðaður aukaáðalfundur verður haldinn í kringum 20. sept. til að taka fyrir lagabreytingar.
- c. Höfuðborgarráðstefnan verður haldin í haust 22. og 23. ágúst. Ákveðið að Sigurður Sigfússon sitji fundinn.
- d. Ákvörðun um samþykki stjórnar um 1 milljón í átakið „Allir vinna“ færð til bókar.
- e. Samtök verslunar og þjónustu óska eftir frekara samstarfi. Umræður.
- f. Erindi til stjórnar frá 11.08.2010 frá BS:

*Stjórn VR  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík*

*Efni. Tillaga til fundar stjórnar VR 11.08.2010.*

*Vil ég leggja fram undir liðnum önnur mál eftirfarandi tillögu.*

*Stjórn VR samþykkir að myndband upptökur sem til eru í vörslu félagsins verði gerðar aðgengilegar á vef félagsins. Er þar átt við allar upptökur frá aðalfundum, félagsfundum, nýársfundum sem og kosningafundum. Er það einlæg ósk stjórnar að félagið verði í fararbroddi við upplýsinga gjöf til félagsmanna sinna. Skal birta umræddar upptökur frá árinu 2005 til dagsins í dag. Jafnframt skal birta nýjar upptökur jafnharðan og þær verða til.*

*Bjarki Steingrímsson*

Umræður. Frestað.

- g. Stjórn VR samþykkir að styðja við slökkviliðsmenn Bókun samþykkt: *Stjórn VR lýsir yfir stuðningi við kjarabaráttu slökkviliðsmanna. Ákveðið er að senda formanni slökkviliðsmanna baráttukveðjur og setja bókunina á vef VR. Tillagan er samþykkt af meirihluta stjórnar.*

Fleira ekki gert.